



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Laugardals  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

### Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Laugardal

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtali við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjöldmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjalagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Laugardal sem send er íbúaráði Laugardals til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Hjalagt:  
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Laugardal



Reykjavík

# Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Laugardal 16. mars 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Vogaskóla, laugardaginn 16. mars 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 56 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

## Hvað er það besta við Laugardalinn?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Mikil ánægja var meðal gesta með staðsetningu hverfisins, bæði væri stutt í alla helstu þjónustu en einnig í náttúru. Gestir voru ánægðir með hversu gróðursælt hverfið er og mikil ánægja var með Laugardalinn sjálfan. Þá voru gestir ánægðir með þjónustuna í hverfinu, sundlaugina, kaffihúsið og bókasafnið. Í hverfinu væri einnig fjölbreytt og gott íþrótt- og tómstundarstarf. Þá nefndu gestir að hverfisbragurinn væri góður og samfélagið í hverfinu gott.

Orðaský fundarresta:



## Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

102 responses



## Hvað má bæta í Laugardalnum?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

Mikil áhersla var lögð á skólamál í Laugardalnum. Gestir voru óánægðir með húsnæði grunnskólanna, viðhald væri ábótavant, þar væri mygla og byggja þyrfti við skólana. Einnig vildu gestir fjölga

leikskólum og leikskólapláttum. Einnig var töluverð áhersla lögð á að bæta þyrfti íþróttaaðstöðu við skólana. Gestir lögðu áherslu á að bæta þyrfti umferðaröryggi og draga þyrfti úr umferð í Laugardalnum. Einnig var töluverð áhersla lögð á að bæta þyrfti innviði í hverfinu. Gestir nefndu að lýsing í hverfinu væri ábótavön, á skólalóðum, við leikskóla og í dalnum sjálfum. Að lokum var nefnt að bæta þyrfti sorphirðu og nokkrir gestir töluðu um að ekki mætti þetta byggð í Laugardalnum meira.

Orðaský fundargesta:



# Hvað má bæta í þínu hverfi?

146 responses



## Hvað á borgarstjóri að setja í forgang?

Í lok fundar voru gestir spurðir hvaða mál borgarstjóri ætti að setja í forgang.

Gestir voru almennt sammála um að borgarstjóri ætti að setja leikskóla- og grunnskólamáli í forgang ásamt auknum innviðum og betri samgöngum. Einnig nefndu gestir að fjármál Reykjavíkurborgar ættu að vera sett í forgang.

### Einstaka hugmyndir

- Grunnskóli í Vogabyggð
- Flýta Þjóðarhöll
- Fjarlægja kanta sem hamla hjólastólaaðgengi
- Auka viðhald á umferðareyjum
- Göngubrú yfir Sæbraut